

REGLUGERÐ FYRIR

ÍSLANDSMÓT Í TVÍMENNINGI

- grein.** Spiluð skulu u.þ.b. 80-90 spil til að ákvarða íslandsmeistara í Tvímenningi. Spiluð skulu 3 eða 4 spil milli para, nema aðstæður kalli á annað keppnisfyrirkomulag. Í byrjun móts skal liggja fyrir fjöldi spila innan ramma keppnisreglugerðar BSÍ. Verði pör jöfn í sætum, ákvarðast röð samkvæmt grein 6.4 í keppnisreglugerð BSÍ.
- grein.** Nota skal ALERT og AÐVARANIR samkvæmt útgefinni reglugerð BSÍ
- grein.** Öllum pörum ber skylda til að framvísa vel útfylltu kerfiskorti. Ekki er heimilt að nota MÓS kerfi í keppninni samkvæmt eftirfarandi skilgreiningum:

Mjög óvenjuleg sagnkerfi (MÓS). Með slíkum sagnkerfum er átt við kerfi sem að minnsta kosti ein eftirtalinna skilgreininga á við:

- Pass í upphafi sýnir minnst 12 hápunkta eða hönd sem venjulega væri opnað á í eðlilegu sagnkerfi.
 - Kerfi þar sem að minnsta kosti ein opnunarsögn á 1. sagnstigi sýnir veikari spil en venjuleg opnun á passi.
 - Kerfi þar sem að minnsta kosti ein opnun á 1. sagnstigi er margræð (þýðir annaðhvort lengd eða stuttlit í viðkomandi lit, eða sýnir tvírita hönd með einhverjum tveimur litum). Þessi regla á ekki við um kerfi þar sem opnun á 1 laufi sýnir annaðhvort sterka hönd eða eðlilega jafnskipta opnun.
 - Kerfi þar sem litaropnun á 1 sagnstigi, fyrir utan opnun á 1 laufi og 1 tígli í sterku lauf- eða gulkerfi (eða eins og kveðið er á um í lið c hér að ofan) lýsir ekki neinum lit.
 - Kerfi þar sem að minnsta kosti ein opnun á 1. sagnstigi vísar á stuttlit.
 - Leiki vafi á um að sagnkerfi falli undir þessa skilgreiningu, sker mótanefnd úr um.
- grein.** Spilurum er heimilt að nota varamann ef brýn þörf er á. Má hann spila allt að fjórðung spila í mótinu, án þess að réttur til verðlauna skerðist. Spili varamaður meir en fjórðung spila missir parið rétt til verðlauna. Varamaður má ekki hafa tekið þátt í mótinu sem spilari eða varamaður í öðru pari.
 - grein.** Keppnistjóri úrskurðar í ágreiningsmálum sem kunna að koma upp við spilaborðið. Áfrýjun á úrskurði keppnisstjóra skal vera skrifleg og berast honum innan 30 mínútna frá því að lotu lýkur. Tryggingarfé að upphæð kr. 8.000.- skal fylgja áfrýjuninni. Breyti dómnefnd úrskurði keppnisstjóra verður tryggingarfénu skilað, að öðrum kosti rennur það til uppbyggingar á sjóði til menntunar keppnisstjóra nema dómnefnd telji sérstaka ástæðu til að skila tryggingarfé.

- 6. grein.** Stjórn BSÍ hefur heimild, að fenginni tillögu keppnisstjóra eða mótanefndar, til að setja keppanda í eins til tveggja ára keppnisbann vegna hvers kyns ósæmilegrar hegðunar á mótisstað. Notkun áfengis og tóbaks er bönnuð í spilasölum. *Allt tal um spil í spilasölum er bannað og ber keppnisstjóra að sekta viðkomandi pör um 10 % af toppskori í einu spili.*
- 7. grein.** Öll notkun farsíma er stranglega bönnuð. Spilarar skulu slökkva á farsíma sínum í spilasal. Viðurlög í hvert sinn fyrir notkun farsíma er 20% af toppskori í einu spili án viðvörðunar. Keppnisstjóra er heimilt að veita undanþágu frá þessari reglu ef brýn nauðsyn ber til.
- 8. grein.** Íslandsmót í tvímenni gefur engan annan rétt, umfram það sem áður hefur verið lýst. Spilað er eftir alþjóðalögum í bridge. Veitt eru gullstig samkvæmt reglum BSÍ og skal í lokin veita hverjum spilara:

50 gullstig fyrir 1. sætið			
35	#	#	2. #
25	#	#	3. #
20	#	#	4. #
15	#	#	5. #
12	#	#	6. #
10	#	#	7. #
8	#	#	8. #

Keppnisstjóri er skipaður af BSÍ
Dómnefnd er skipuð af BSÍ